



HAFNARFJÖRÐUR

Umsögn - 3. maí 2017

Efni: Ölduslóð 21, Fyrirspurn til Skipulagsfulltrúa, 1704169

Þann 11.4.2017 leggur Jón Már Björnsson inn fyrirspurn til skipulagsfulltrúa þar sem óskað er eftir að fara í deiliskipulagsbreytingu svo koma megri fyrir bílskúr á lóð við Ölduslóð 21. Í húsinu eru tvær íbúðir en sömu eigendur að þeim.

Sk. gildandi skipulagi er gert ráð fyrir bílskúr á þar til gerðum byggingarreit er liggur innst á lóðinni og tveimur bílastæðum á lóð við norðurhlið hússins.

Nú er óskað eftir að færa bílskúr svo hann verði samsíða íbúðarhúsi og stækka í 50 m². Sk. skilmálum er gert ráð fyrir nýtingarhlutfalli 0,46. Sú stækkun sem óskað er eftir samræmist deiliskipulagi. Þó er kveðið á um að stærð bílskúrs skuli að hámarki vera 4,2m x 7m (sjá bls.10 í skilmálum fyrir deiliskipulagið *Suðurbær sunnan Hamars*). Á skissu er fylgdi erindinu er gerð grein fyrir staðsetningu bílskúrsins og stærð hans 5m x 10m. Gluggar eru á norðurhlið íbúðarhússins. Hætta er á sambrunahættu verði bílskúrin staðsettur þar sem núverandi tillaga leggur til. Einnig skal bent á að verði skúrin færður svo framarlega á lóð verður einungis eitt bílastæði á lóð. Þar sem tvær íbúðir eru í húsinu skal gera ráð fyrir tveimur bílastæðum á lóð.

Í ljósi ofangreindra er ekki hægt að fallast á erindið eins og það er lagt fyrir nú.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt